

Skíðaping 2019

haldið í Ólafsfirði 24.-25.maí



ÞINGSKJAL nr. 6

Tillaga að breytingu á reglugerð um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum

Flutningsaðili: Alpagreinanevnd SKÍ

Var:

3. grein

Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við alpagreinanevnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur FIS um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrekkur. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til alpagreinanevndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á varastað eða á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal alpagreinanevnd SKÍ úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda öll bikarmótin, getur alpagreinanevnd SKÍ í samráði við stjórn SKÍ aflýst móti.

Verður:

3. grein

Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við alpagreinanevnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur FIS um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrekkur. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til alpagreinanevndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á varastað eða á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal alpagreinanevnd SKÍ úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis. **Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda öll bikarmótin og/eða ákveðnar greinar, getur alpagreinanevnd SKÍ í samráði við stjórn SKÍ aflýst móti og/eða breytt greinum eftir aðstæðum.**

Var:

6. grein

Verðlaun á bikarmótum:

13 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
12 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni

Verður:

6. grein

Verðlaun á bikarmótum:

12-13 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
-----------	-----------------------------

*Annað helst óbreytt í 6.grein.

Vísað til: Alpagreinanevndar Skíðagöngunefndar Snjóþrettanevnd Allsherjanefnd

Afgreiðsla:

Samþykkt Felld



Skíðaping 2019

haldið í Ólafsfirði 24.-25.maí

Var:

5. grein – útreikningur á bikarstigum

Reikna skal saman stigafjölda hvers félags/ráðs fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki og veita því stigahæsta í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti. Einnig skal veita verðlaun til þess félags/ráðs sem hefur fengið flest samanlögð stig í öllum flokkum og skal það félag/ráð kallast Bikarmeistari SKÍ það árið og hljóta verðlaun að loknu síðasta móti. Hvert félag/ráð safnar stigum undir skráðu nafni.

Verður:

5. grein – útreikningur á bikarstigum

Reikna skal saman stigafjölda hvers **félags** fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki. Hvert **félag** safnar stigum undir skráðu nafni.

Veita skal stigahæsta félaginu í eftirtöldum flokkum verðlaun:

- **12-15 ára (bæði kyn saman).**
- **16 ára og eldri (bæði kyn saman).**
- **12 ára og eldri (bæði kyn saman) – Skal það félag kallast Bikarmeistari SKÍ það árið.**

Rökstuðningur:

1. Nefndin telur að þetta sé mikilvægt ákvæði uppá að bregðast við ef þær aðstæður skapast að betra sé að halda eina grein umfram aðra. Ávallt sé þó stefnt að því að halda jafn mörg mót í grein.
2. Nefndin leggur til að veitt verði verðlaun fyrir flokkinn sem keppt er í, 12-13 ára, en ekki hvorn aldur.
3. Íþróttafélög eru beinir aðilar að SKÍ. Stjórn SKÍ hefur verið að félagavæða sambandið, t.d. með því að breyta aðkvæðafjölda yfir á félög en ekki héruð. Það er vilji SKÍ til að félagavæða sambandið í öllu starfi og félagakeppni ætti að vera tengd félögum en ekki héruðum og/eða ráðum. Að sama skapi er verið að samræma félagakeppni á milli greina þannig að hún sé sem líkust á milli þeirra allra.

Vísað til: Alpagreinaneftndar Skíðagöngunefndar Snjóþrettaneftnd Allsherjanefnd

Afgreiðsla: Samþykkt Fellt